

Tehús fullt af ljóðum

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Jóhann árelíuz: Tehús ágústmánans. Almenna bókafélagið 1992. Jóhann árelíuz hefur sent frá sér ljóðabækurnar blátt áfram (1983) og Söngleik fyrir fiska (1987) og nú kemur Tehús ágústmánans frá hans hendi, bók sem veldur því að fram hjá honum verður naumast gengið þegar menn velja fyrir sér stöðu nýrrar ljóðagerðar.

Höfundur Tehússins er ekki beinlínis einfari í skáldskap, en sker sig nokkuð úr. Hann er yfirleitt ljóðrænn og dálítið rómantískur á köflum, en getur engu að síður skyggt samfélag sitt, litast þar um án þess að verða utangátta. Það setur mark sitt á ljóðin, yrkisefnin, að hann hefur búið lengi erlendis.

Náttúrumyndir, hversdagslif og stundum einkalíf stígur fram í ljóðunum. Það sem gerir það að verkum að þau ná oftast til lesandans er auk skáldlegra kosta einlægni, trúverðugleiki. Based upon the blues hefst á þessum orðum:

nú er tími til þess að skrifa
nú er tími til að skrifa
nú skrifa ég

nú er tíminn til þess að skrifa
kveikja í afgömlum skelþunnum orðasamböndum
og kveikja ný!

Ljóðið Höfuðból er eins konar skáldskaparyfirlýsing, Ars poetica.

Myndirnar eru ferskar og lifandi. Lífið er greinilega einhvers virði:

Ég hata rökrænt rökrétt elska grasgræna véfrétt. Ég sendi þér hvíta rós (sem hníf) og sker beint að rótum þíns fjóluhrá hjarta!

Blessuð sé sál málarsins bláa í Kristjánshöfn. Blessuð hollenska stúlkun leggjalanga á svörtu netsokkunum í Haga.

Blessaðar allar minningar sem merlast í móðu rúðunnar þegar ég blæs á hana í strætó.

Blessuð spanskræna sólin sem við ólum í brjóstum okkar.

Sum ljóðin eru ákall til lífsins um að eitthvað gerist, eitthvað sem bregði lit á hversdagsleikann. Skáldið sem í upphafi bókar, fyrsta ljóðinu Aðalstræti, kveðst syngja „sekúndunni lof og dýrð!“ biður í Kyndilmessu um hvítan eld sem kveiki í æðum „heitt og brjálað blóð“.

Þessi ósk getur virst margþvæld, gamaldags (samanber eitru meira eitur), er enda á mörkum þess að duga í ljóði tíunda áratugar, en allt gengur upp þegar skáldið vill fá „einn sólarhring í nefið ...“ og beitir líkingunni um augun/laufin: „þessi löngu gagnsæu glös með regnhlífum/ sinnisins“.

Oft er það myndvísir, myndleikur sem girðir fyrir að skáldið verði

bráð væðarlegra náttúrustemmnunga.

Þetta heppnast þó ekki alltaf. Í túninu heima er til dæmis geðfellt lýsing heimkomu, en vantar ljóðræna dýpt.

Þrósaljóðin í lok bókarinnar, þeim hluta sem nefnist Ilmur daganna, eru kannski ekki sérstaklega frumleg, en gædd lífi vegna óvæntra sjónarhorna og persónulegrar reynslu sem kemst til skila: „Finndu frumkraftinn streyma um æðarnar og mundu að þú ert maður og alltaf einn í heiminum og vertu hreykinn af því!“ (Timbúlimm).

Tilfinningin í ljóðum Jóhanns árelíuzar er sönn. Lesandinn skynjar að ljóðin lýsa ferð frá myrkri til ljóss, heimurinn er skáldinu ný uppgötvun, endurfæðing. Þetta spegla mörg ljóðanna. „Hver dagur nýr og heill“, segir í Syni sérhvers dags, einu þeirra ljóða sem athygli vekur fyrir það hve það er vel byggt, tjáir mikið í fáum orðum. Jóhann árelíuz hefur lært að takmarka sig, hnitmiða ljóð sín, en hann er vissulega veikur fyrir málskrúði þótt það sé sjaldan eða ekki til skaða.

Eins og fleiri íslensk skáld fer



Jóhann árelíuz

Jóhann árelíuz stundum að dæmi þeirra sem ruddu opnu ljóði braut. Ljóð af þessu tagi eru til dæmis Dunkerque og Sturm und Drang. Opna ljóðið sýnir myndir úr hversdagsleikanum, það er oft eins konar ferðaljóð, frásögn er ekki gerð brottræk.

Dunkerque gerist í Seyðisfjarðarhöfn 1977. Þar liggur Smyrill og honum fylgir danskur bjór og fögur kona. Á yfirborðinu er allt átakalíf-

ið, en nóttin býr yfir leyndum grun.

Sturm und Drang rifjar upp ferð með flutningabíl til Seyðisfjarðar. Þetta er mælskara ljóð en Dunkerque og í því setningar sem líklegar eru til að útrýma allri ljóðrænu. Ég hef til að mynda varla séð jafn óskáldlega setningu í ljóði: „Án trausts tengsla við uppruna sinn og sögu/ er ekki hægt að mæta framtíðinni á farsælan hátt.“ Öðru máli gegnir um: „Tökum til dæmis nótt eins og þessa: Tunglið/ tjaldar því sem til er! Hefur hellt hvítu á hafflötinn/ og dúkar til veislu á himinhvolfinn með óteljandi skínandi/ stjörnum sem stíga af speglum vatna í spegla himins.“ Það sem bjargar ljóðinu (naumlega þó) er að samspil hins vanabundna og upphafna heppnast, skilur eitthvað eftir hjá lesandanum.

Skáld Tehússins er eins og menn hafa ímyndað sér að skáld ættu að vera, fljóthuga og ör lífsnautnaður. Nú vill hann njóta lífsins, gefa sér því á vald án annarra áhrifa en þeirra sem dagsbirtan veitir. Það er engin tilviljun að lokaljóð bókarinnar, Án áhrifa, er skilaboð um þetta.

Tehús ágústmánans er fjölbreytt bók eins og ráða má af ofanrituðu og það er styrkur hennar. Hvarvetna heyrist sú rödd sem Jóhann árelíuz á einn, rödd skálds sem hefur fundið sinn tón.

Ásgerður Búadóttir sýnir í Nýhöfn

ÁSGERÐUR Búadóttir opnar sýningu á myndvefnaði í Listasalnum Nýhöfn laugardaginn 25. apríl klukkan 14 til 16. Á sýningunni verða tíu verk ofin úr ull og hrosshári. Þau eru öll unnin á árunum 1989 til 1992.

Þetta er áttunda einkasýning Ásgerðar í Reykjavík en hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis. Meðal annars hefur hún sýnt sjö sinnum með sýningarhópnum Koloristerne á Den Frie í Kaupmannahöfn.

Verk eftir Ásgerði eru í mörgum opinberum söfnum og stofnunum t.d. Listasafni Íslands, Listasafni Háskóla Íslands, Röðhska listiðnaðarsafninu í Gautaborg, Norrænu

menningarmálastofnuninni í Kaupmannahöfn, Fjölbrotarskóla Suðurnesja, Seðlabanka Íslands, Textile Arts Foundation í Main, USA og Listasafni Borgarness.

Ásgerði Búadóttir voru veitt menningarverðlaun DV árið 1982 og var hún kjörin borgarlistamaður Reykjavíkur 1983 til 1984. Sýningin í Nýhöfn er opin virka daga frá klukkan 12 til 18 og frá 14 til 18 um helgar. Lokað er á mánudögum. Sýningunni lýkur 13. maí.



Ásgerður Búadóttir

Sýning á handritum Halldórs Laxness

LANDSBÓKASAFN Íslands hefur opnað sýningu í tilefni nýræðisafmælis Halldórs Laxness á handritum hans í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Sýningin mun standa í nokkrar vikur og er opin sama tíma og safnið, mánudaga til föstudaga frá klukkan 09 til 19 og laugardaga frá 09 til 12.

Landabókasafnið varðveitir mikið safn handrita skáldsins auk rita þess bæði á frummáli og í þýðingum á fjölda tungumála. Sýningin er í anddyri Safnahússins.

Þú sýlar lestrarþörf dagsins á síðum Moggans!



Hjallabaut – laus. Vorum að fá í einkasölu talsv. endurn. 110 fm 4ra-5 herb. íb. á 3. hæð í góðu fjölb. Nýl. eldhinnr., parket o.fl. V. 8,7 m.

Hvammabaut. Falleg og björt 4ra-5 herb. 115 fm íb. á 1. hæð. Parket. Fallegt útsýni til sjávar. Áhv. húsnáð 4,9 millj. V. 9,0 m.

Svalbarð. Ný neðri sérhæð 64 fm í tvíb. Sér. rúm. og skemmtil. eign. Skipti á minni kemur til greina. V. 10,5 m.

3ja herb.

Stekkjahvammur. Nýl. ca 90 fm 3ja herb. neðri sérhæð í tvíb. Sér. inn. Sólstofa. V. 8,0 m.

Breiðvangur. Stór og rúm. 110 fm 3ja-4ra herb. íb. á 1. hæð í góðu fjölb. Nýl. eldhinnr. Áhv. húsnáð 3,2 millj. V. 7,9 m.

Laufás – Gbæ. Talsv. endurn. 3ja herb. risib. í þrúb. V. 5,9 m.

Fagrakinn. Falleg og snyrtl. neðri sérhæð í tvíb. m/sérinn. V. 7,2 m.

Ölduslóð. Talsv. endurn. 70 fm 3ja herb. efri hæð m/sérinn. í góðu steinh. ásamt 28 fm skúr á lóð. Mögul. á að nýta ris. Áhv. húsnáð ca 3,0 millj. V. 7,5 m.

Garðavegur. Mikið endurn. 3ja herb. neðri sérhæð í tvíb. Nýjar innr. Steni-klætt hús. Endurn. gluggar, gler o.fl. V. 6,0 m.

Í smíðum

Lindarberg. 216 fm parhús á tveimur hæðum m/innb. bílsk. Húsið skilast fullb. að utan, fokh. að innan. Til afh. strax. Áhv. húsb. 5,8 millj. V. 9,5 m.

Háaberg. Parhús á tveimur hæðum m/innb. bílsk. alls 250 fm á góðum útsýnisstað. Húsið er tæpl. tilb. u. trév. Áhv. húsb. ca 5,3 millj. V. 11,9 m.

Aftanhæð – Gbæ. 178 fm raðhús á einni hæð m/innb. bílsk. Til afh. strax.

Lækjarberg. Til sölu 165 fm sér. skemmtl. efri sérhæð ásamt 30 fm bílsk. Eignin selst fullb. að utan en tilb. u. trév. að innan. Áhv. húsb. allt að 6,0 millj. Til afh. fljótt.

Vesturholt. 3ja-4ra herb. 99 fm neðri sérhæð í tvíb. Sér. lóð. Afh. fullb. að utan, tilb. u. trév. að innan. Til afh. strax. Hagst. verð.

Álfholt – sérhæðir. 148-182 fm. Fullb. að utan, fokh. að innan. Tækifæri f. laghenta að ná sér í stóra eign á góðu verði.

Sumarhúsaeygendur

Leitum að 60-70 fm fullbúnum sumarhúsum á Suðurlandsundirlendi. Þarf að vera heilsárshús. Réttu eignin staðgreidd.

INGVAR GUÐMUNDSSON lögg. fasteignas., heimas. 50992
JÓNAS HÓLMGEIRSSON sölumaður, heimas. 641152.



Strandgötu 33
SÍMI 652790
Símatími í dag kl. 11–13
Óskum öllum
landsmönnum
gleðilegs sumars

Einbýli – raðhús

Fagrihjálli – Kóp. Nýl. fullb. parhús m/innb. bílsk. alls 181 fm. Vand. aðar innr. 3,5 millj. áhv. húsnáð. Laus fljótt. V. 14,7 m.

Hrauntunga – Kóp. Gott 214 fm raðhús á tveimur hæðum í Suðurl. Kóp. 4-5 svefnherb. Arinn. Fallegt útsýni. V. 13,2 m.

Norðurtún – Álf. – skipti. Gott 142 fm einb. ásamt 42 fm bílsk. 4 góð svefnherb. Góðar innr. Stór, gróin lóð frág. að mestu. Góð áhv. lán. V. 13,9 m.

Fagrihvamur. Glæsil. 311 fm einb. m/50 fm tvöf. bílsk. og ca 100 fm 3ja herb. íb. á jarðhæð m/sérinn. Arinn í stofu. Vönduð og falleg eign.

Klukkuberg. Vorum að fá í einkasölu 250 fm fullb. parhús á tveimur hæðum á fráb. útsýnisstað. Innb. bílsk. Vand. aðar sérsmíðaðar innr. Parket, arinn o.fl. Ákv. sala.

Svalbarð. Vorum að fá í einkasölu nýl. 178 fm einb. á einni hæð ásamt 50 fm í kj. og 25 fm bílsk. Að mestu fullfrág. hús. Ágætt útsýni. Ról. staðsetn. V. 14,9 m.

Þróðvangur. Vorum að fá í einkasölu sér. fallegt 220 fm einb. á einni hæð. Eignin er mikið endurn. s.s. eldhús, gler, hiti o.fl. Fallegur 48 fm skál m/arni og heitum potti. Vönduð og fullfrág. hornlód. V. 17,9 m.

Hverfisgata. Eldra einb. jarðhæð, hæð og ris ásamt bílsk. alls ca 160 fm. Mögul. á séríb. eða vinnuáðst. á jarðhæð. V. 8,5 m.

Hnotuberg. Vorum að fá í einkasölu nýl. 211 fm einb. m/innb. bílsk. Húsið er að mestu fullb. Suðurvernd m/heitum potti. Ról. og góður staður. V. 16,5 m.

Miðvangur. Vorum að fá í einkasölu vandað og vel byggt 180 fm raðhús á tveimur hæðum m/innb. bílsk. góð suðurlóð og vernd. V. 13,5 m.

Gunnarssund. Vorum að fá í einkasölu mjög skemmtl. 127 fm eldra steinh. Eign í góðu ástandi. Ákv. sala. V. 8,5 m.

Kjarrmóar – Gbæ. Í einkasölu nýl., fullb. parhús á tveimur hæðum. Góð frág. lóð. V. 10,5 m.

4ra herb. og stærri

Öldutún. Rúmg. 153 fm efri sérhæð ásamt 25 fm bílsk. Góð suðurlóð. V. 10–10,5 m.

21150-21370

LÁRUS P. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI
KRISTINN SIGURJÓNSSON, HRL. LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

Nýjar eignir á söluskrá:

Stór og glæsileg við Næfurás

2ja herb. íb. á 1. hæð 70 fm. Parket. Sérþvhus. Sólvalir. 40 ára húsnáð kr. 2,4 millj. Laus 1. júlí. Mikið útsýni.

Á 3. hæð við Blikahóla

í þriggja hæða blokk 2ja herb. íb. m/suðursv. Vélavpvhús. 40 ára húsnáð kr. 2,2 millj. Laus strax.

Skammt frá KR-heimilinu

3ja herb. íb. á 1. hæð um 80 fm. Parket. Þvhus á hæð. Sólvalir. Góð geymsla í kj. Tilboð óskast.

Við Hulduland – tilboð óskast

5 herb. íb. á 2. hæð 120 fm. 4 svefnherb. Sérþvhus. Sólvalir. Góður bílsk. Endurbætur yfirstandandi utanhúss.

Glæsileg sérhæð – frábært verð

Efri hæð í þrilyshúsi við Strandgötu í Hafnarfirði, 4ra herb. 113 fm nettó. Nýtt eldhús. Nýtt bað. Nýtt sérþvottahús í íb. Allt sér. Geymslur fylgir. Mikið útsýni. Verð aðeins kr. 8,1 millj.

Opíð í dag kl. 10–12.

Gleðilegt sumar.

Þökkum fyrir veturinn.

ALMENNA
FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370

Glæsileg efri sérhæð á besta stað í vesturbæ er til sölu af sérstökum ástæðum.

Íbúðin, 93 m², hefur öll verið endurinnrétuð og er sem ný. Verulegur hluti kaupverðs gæti greiðst með húsbæfum. Upplýsingar hjá eiganda í sínum 61 37 21, 67 68 69, hjá Eignamiðlun í síma 67 90 90 eða hjá Húsakaupum í síma 68 28 00.